

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1029/2008

2011/EES/68/30

frá 20. október 2008

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 í því skyni að uppfæra tilvísun í tiltekna Evrópustaðla (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 64. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 882/2004 er komið á samræmdum ramma almennra reglna um skipulag á opinberu eftirliti til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt.
- 2) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 tilnefnir lögbært yfirvald rannsóknarstofur sem er heimilt að annast greiningu sýna sem eru tekin við opinbert eftirlit. Þessar rannsóknarstofur skulu hafa hlotið faggildingu í samræmi við tiltekna Evrópustaðla.
- 3) Staðlasamtök Evrópu (CEN) hafa þróað Evrópustaðla (EN-staðla), sem hæfa markmiðum reglugerðar (EB) nr. 882/2004, einkum til faggildingar rannsóknarstofa.
- 4) Staðlasamtök Evrópu hafa sett staðalinn EN ISO/IEC 17011 „Almennar kröfur vegna faggildingarstofa sem faggilda samræmismatsstofur“ í stað staðlanna EN 45002 „Almennar reglur um mat á prófunarstofum“ og

EN 45003 „Calibration and testing laboratory accreditation system — General requirements for operation and recognition“. Því er rétt að uppfæra tilvísunina í þá Evrópustaðla í 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 882/2004 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004:

1. Í stað b-liðar 2. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:
„b) EN ISO/IEC 17011 „Almennar kröfur vegna faggildingarstofa sem faggilda samræmismatsstofur“,“
2. Ákvæði c-liðar 2. mgr. 12. gr. falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla Vassilou

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 278, 21.10.2008, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010 frá 1. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 10.6.2010, bls. 4.

(¹) Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1. Leiðrétt útgáfa Stjtið. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1.